

#### 41. Stjórnarfundur Alnæmisbarna, 24. okt. 2006

Haldinn kl. 12-13 í húsnæði ISOR við Grensásveg.

Mætt: María, Helga, Ragna, Bjarni Reyri og Sigurlaug.

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt með einni breytingu að mánaðarleg innkoma sé yfir kr. 50.000,-.

#### 16. daga átakið – þátttaka Alnæmisbarna

Hildur og Sigurlaug fóru fyrir hönd Alnæmisbarna á sameiginlegan fund samtaka og félaga sem Mannréttindaskrifstofan hélt þann 19. okt. Átakið kallast 16 daga átak í 16 ár: Eflum mannréttindi – Stöðvum ofbeldi gegn konum. Fyrir næsta fund sem verður haldinn þann 13. nóv. kl.16:30 ætla allir fulltrúar félaga og samtaka að reyna að vera tilbúin með greinar og dagskrá sem tekin verður fyrir þessa 16 daga. Munu sömu fulltrúar Alnæmisbarna mæta á þann fund.

Alnæmisbörn ætla að stefna að því að fá Sigríði Baldursdóttur meistaranema í Stokkhólmi, Svíþjóð, til þess að segja frá reynslu sinni þegar hún bjó með stúlkunum í CLF í Kampala, Uganda í 5 vikur. Auk þess geta María og Gestur sagt frá ferð sinni sem er fyrirhuguð í nóv./des. Átakið stendur yfir frá 24. nóv. – 10. des., spurning hvort fundur okkar getur verið á síðustu dögum átaksins. María ætlar að skrifa Sigríði og heyra hvenær hún kemur til landsins svo hægt sé að ákveða nánar dagsetningu.

#### CLF – staða

María sendi Rosette bréf þann 28. sept. og sagði að fresta yrði námskeiðunum

um sinn. Nauðsynlegt væri að taka stöðu og skoða árangur áður en haldið yrði áfram, enda væri styrkur UNIFEM uppurinn.

Gestur fékk svar frá skólastjóranum Odida í Kitetika þann 12. okt. og er hann jákvæður að taka yfir starfsemi kertagerðarinnar og gera hann að hluta verkmenntaskólans. Hann og Rosette hafa fundað og ákveðið að hún yrði áfram í forsvari fyrir kertagerðinni í skólanum. Gestur er nýbúinn að skrifa til hans aftur til þess að skerpa á áherslum/taka fyrir þær kröfur sem við setjum varðandi námið. T.d. finnst okkur skilyrði að stúlkur hafi forgang þar sem þær eiga erfiðara uppdráttar að koma sér áfram en drengir. Einnig að þær stúlkur gangi fyrir sem eiga undir högg að sækja, eru t.d. HIV-smitaðar með börn og/eða á götunni. Huga þarf að jákvæðum úrræðum fyrir börnin líka. Mikilvægt er aðskoða vel ýmsa þætti í þessu sambandi. Styrkur Alnæmisbarna myndi þá í framtíðinni verða skólstyrkur til stúlnanna.

María ætlar að negla niður dagsetningu með Gesti svo þau komust út til Kampala í síðasta lagi í nóv., byrjun des. til þess að geta fylgt þessu enn betur eftir.

Haft hefur verið samband við Sjöfn Vilhelmsdóttur, framkvæmdarstjóra UNIFEM á Íslandi, og staðfesti hún að áframhald yrði á stykjum frá UNIFEM. Verið er að leita uppi þá ákvörðun í fundargerðum.

Reynt er að vinna með þessi mál í samstarfi við ÞSSÍ svo styrkur geti fengist á þessu ári. María hefur því sent tölvupóst til Sighvats Björgvinssonar framkvæmdarstjóra ÞSSÍ um væntanlega samvinnu Alnæmisbarna við Kitetikaskólann.

Önnur mál

Bjarni er formlega tekin við sem gjaldkeri.

Þórunn fyrrverandi formaður á eftir að senda gögn formanns til Maríu, en mun gera það bráðlega.

Næsti fundur verður haldinn miðvikud. 15. nóv. kl. 12-13 hjá Maríu í Samorku.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir, ritari stjórnar